

- 23.8. Við andlát sjóðfélaga, fellur inneign hans í sjóðnum til eftirlifandi maka hans og ber að skipta með jöfnum greiðslum hluta hans á minnst 10 ár. Falli sjóðfélagi frá og skilji ekki eftir sig maka skiptist inneign sjóðfélaga eftir reglum erfðalaga um lög-erfðir. Hluta barna undir 18 ára aldri, ber að skipta með jöfnum greiðslum á 10 ár eða þau ár, sem barnið vantar í 18 ára aldur, hvort sem lengra er.
- 23.9. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er svo lítil, að árlegar greiðslur geta ekki náð eftirtöldum upphæðum:
- Til sjóðfélagans 125% þess árgjalds sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
 - Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir lið a.
 - Til hvers barns 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir lið a.
- Í þeim tilfellum, sem talin eru undir stafliðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó svo að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum, sem þar eru taldar.

24. Gildistaka.

- 24.1. Reglugerð þessi gildir frá 30. júní 1998.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 15. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Samvinnulífeyrissjóðinn.

I. KAFLI

Hlutverk, skipulag og ávöxtun sjóðsins.

1. gr.

Nafn sjóðsins og heimili.

Sjóðurinn heitir Samvinnulífeyrissjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

- 2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá þessara.
- 2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

3. gr.

Aðildarfyrirtæki og sjóðfélagar.

- 3.1 Samvinnulífeyrissjóðurinn er fyrirtækjasjóður, stofnaður árið 1939, og tekur starfs-svæði hans til landsins alls.

- 3.2 Aðildarfyrirtæki sjóðsins eru fyrirtæki á sviði Vinnumálasambandsins svo og samstarfsfyrirtæki aðildarfyrirtækjanna. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita heilum launþegahóp eða einstökum launþegum aðild að sjóðnum. Umsókn um slíka aðild skal vera skrifleg.
- 3.3 Sjóðfélagar geta verið allir starfsmenn ofangreindra fyrirtækja.
- 3.4 Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar og byggja starfskjör sín á kjarasamningi Vinnumálasambandsins, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997.
- 3.5 Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til sjóðsins og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í samþykktum þessum. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.
- 3.6 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað hinna sjóðanna. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað í samræmi við 4. tl. 3. mgr. 8. gr. og II. kafla laga nr. 129/1997.
- 3.7 Um réttindi og skyldur þeirra sem greiða í séreignardeild sjóðsins gilda ákv. 21. gr. samþykktja sjóðsins.

4. gr.

Deildaskipting sjóðsins.

Sjóðurinn starfar í þremur deildum. Sameignardeild, fyrir starfsmenn sem hefja störf eftir 30. júní 1998. Sameignardeild – stigakerfi, fyrir starfsmenn sem hófu störf fyrir 1. júlí 1998 og séreignardeild, sem tekur til starfa 1. júlí 1998. Deildir sjóðsins bera ekki fjárhagslega ábyrgð hver á annarri og skal halda þeim fjárhagslega aðskildum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins.

- 5.1 Lífeyrissjóðurinn er sjálfstæð stofnun með sérstakri stjórn. Æðsta vald er í höndum aðalfundar en á milli funda hjá stjórn lífeyrissjóðsins. Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum, kosnum á aðalfundi sjóðsins. Skulu fulltrúar launþega kjósa tvo úr sínum hópi og fulltrúar aðildarfyrirtækja sömuleiðis tvo úr sínum hópi. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt.
- 5.2 Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Hætti stjórnarmaður störfum innan aðildarfyrirtækjanna skal varamaður taka sæti hans.
- 5.3 Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.
- 5.4 Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Formaður boðar varamenn á stjórnarfundi, þegar þurfa þykir. Stjórnin skal setja sér starfsreglur. Hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir og ákvarðanir sem hún tekur. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn sem koma í þeirra stað.

- 5.5 Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir um stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum. Stjórn sjóðsins ræður eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit.
- 5.6 Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur sjóðsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, svo sem ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skulu teknar fyrir á næsta stjórnarfund.
- 5.7 Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 5.8 Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 5.9 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu, sem samþykkt hefur verið á aðalfundi og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 5.10 Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 5.11 Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Skyld er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi samkvæmt framansögðu.
- 5.12 Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðandi lífeyrissjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

Aðalfundur sjóðsins.

- 6.1 Árlega skal haldinn aðalfundur sjóðsins eigi síðar en í júnímánuði. Stjórn sjóðsins skal boða til aðalfundar með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og útvarpi sem hafa dreifingu á landsvísu. Fundinn skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara.

- 6.2 Á aðalfundi skal leggja fram og gera grein fyrir:
1. Skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu starfsári, sbr. 41. gr. laga nr. 129/1997.
 2. Tryggingafræðilegri úttekt, sbr. 24. gr. laga nr. 129/1997.
 3. Fjárfestingarstefnu sjóðsins.
 4. Ársreikningi fyrir síðasta starfsár.
 5. Kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra (annað hvert ár).
 6. Kosningu endurskoðanda.
 7. Tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins ef fyrir liggja.
 8. Öðrum málum.
- 6.3 Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Um atkvæðisrétt gildir eftirfarandi:
Hvert aðildarfyrirtæki sjóðsins kýs einn fulltrúa á fundinn og starfsmenn þess sömu leiðis einn fulltrúa. Vægi atkvæða á aðalfundi skal vera sem hér segir: Eitt atkvæði skal gilda fyrir hver 10 stig, sem starfsmenn fyrirtækis hafa öðlast hjá sjóðnum á undangengnu almanaksári með greiðslu iðgjalda, sbr. II. - IV. kafla samþykktu sjóðsins. Þannig verður öllum inngreiddum iðgjöldum breytt í stig sbr. 16. gr. Vægi þetta gildir jafnt fyrir fulltrúa sjóðfélaga sem og fulltrúa aðildarfyrirtækja.
- 6.4 Stjórn sjóðsins getur boðað til aukaaðalfundar vegna breytinga á samþykktum. Um boðun fundarins vísast í gr. 6.1.

7. gr.

Reikningar sjóðsins og endurskoðun.

- 7.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

- 8.1 Stjórn sjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins, sbr. 24. gr. laga nr. 129/1997 og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn til að veita, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda bankaeftirliti Seðlabanka Íslands hina tryggingafræðilegu athugun, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 129/1997.
- 8.2 Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af, sbr. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997.
- 8.3 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, sbr. 24. gr. laga nr. 129/1997, að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga, er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997.

- 8.4 Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til aðalfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta hag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997.

9. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

- 9.1 Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:
- 9.2 Í ríkisvixlum, ríkisskuldbréfum og skuldbréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulögðum markaði. Þó er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í skuldaskjöllum ríkissjóðs sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu þau gefin út af innlendum aðilum. Með hreinni eign sjóðsins er átt við hreina eign til greiðslu lífeyris skv. síðasta endurskoðaða ársuppgjóri sjóðsins.
- 9.3 Í skuldbréfum bæjar- og sveitarfélaga. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulögðum markaði. Þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulögðum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 9.4 Í innlánum í bönkum, sparisjóðum og öðrum tryggum innlánsformum.
- 9.5 Í skuldbréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði, nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði, þá skal hámark þetta vera 35%.
- 9.6 Í skuldbréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þau samkvæmt sérstökum lögum, eða eru undir eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði, þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 9.7 Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 15% af hlutfé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði, þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulögðum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum og engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningur öllum aðgengilegur. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 9.8 Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 35% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

- 9.9 Í öðrum verðbréfum. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði, þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 9.10 Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.
- 9.11 Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum samkv. gr. 9.3-9.9 útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessar takmarkanir eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð. Einnig eru frekari takmarkanir við gr. 9.9, en þar mega heildarkröfur á hendur einum aðila einungis vera 5%.
- 9.12 Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingastefnu, þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyris-sjóðsins. Á aðalfundi sjóðsins skal stjórnin kynna fjárfestingastefnuna sína.
- 9.13 Sjóðurinn má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins. Þó er sjóðnum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjött og það er talið hagkvæmt. Heimilt er þó að draga sölu eigna sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins.
- 9.14 Lífeyrissjóðnum er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins. Sjóðnum er þó heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtímalán til þess að jafna fjárstreymi.
- 9.15 Sjóðnum er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðanda, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í sjóðnum og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga.

II. KAFLI

Sameignardeild.

Iðgjöld og réttindi sjóðfélaga sem hefja störf eftir 30. júní 1998.

10. gr.

Iðgjöld.

- 10.1 Iðgjald skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnaði, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, svo sem ökutækjastyrk, dagpeningum og fæðispeningum. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af heildarlaunum hans og standa sjóðnum skil á þeim við hverja útborgun ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skulu vangoldin iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum sjóðsins. Launagreiðendum ber að tilkynna ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafi hætt starfsemi eða launþegar látið af störfum. Vanskilavextir skulu ákvarðaðir af stjórn sjóðsins.

- 10.2 Iðgjöld skulu vera hið minnsta 10% af heildarlaunum sjóðfélaga. Enginn greiðir iðgjöld til sameignardeildar lengur en til 67 ára aldurs eða eftir að taka ellilífeyris úr sameignardeild er hafin. Öllum greiðslum umfram lágmarksframlag getur sjóðfélagi ráðstafað valkvætt til sameignar- eða séreignardeildar.
- 10.3 Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 10.4 Lífeyrissjóðurinn skal tvisvar ár hvert, eigi síðar en 1. apríl og 1. október, senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld, ásamt aðvörun um brottfall greiðsluábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa, verði vanskil ekki sannanlega tilkynnt sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins.

11. gr.

Ellilífeyrir.

- 11.1 Hver sjóðfélagi sem orðinn er 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2 Upphæð ellilífeyris ákvarðast af því iðgjaldi sem greitt hefur verið til sjóðsins. Ávinnsla réttinda fyrir greitt iðgjald ræðst af aldri sjóðfélagans þegar iðgjald er greitt sbr. *töflu I*. Aldur sjóðfélaga er reiknaður sem aldur í lok þess árs sem iðgjaldagreiðsla berst sjóðnum. Réttindin eru verðtryggð og fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs.
- 11.3 Sá sem er orðinn 65 ára en ekki 67 ára má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt gr. 11.2 lækkar þá skv. *töflu II*. Heimilt er að fresta töku lífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð lífeyris skv. *töflu II*.
- 11.4 Hafi sjóðfélagi þegið örorkulífeyri úr sjóðnum skal auk áunninna réttinda reikna honum réttindi vegna þess tíma er hann tók örorkulífeyri. Eru þau jafnhá þeim réttindum sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð honum fyrir sama tímabil. Hafi örorka verið minni en 100% reiknast réttindin hlutfallslega við örorkumatið. Hafi slíkur örorkulífeyrir verið skertur sbr. gr. 12.5 á einhverju tímabili skerðast réttindi þessi í sama hlutfalli.

12. gr.

Örorkulífeyrir.

- 12.1 Sjóðfélagi sem ekki er orðinn 65 ára á rétt á örorkulífeyri skv. gr. 12.2 til 12.11 enda hafi hann:
- Greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema að lágmarki 167.000 kr.
 - Greitt iðgjald til sjóðsins í a.m.k. tvö af undanfarandi þremur almanaksárum og greitt til sjóðsins iðgjöld sem nema eigi minna en 25.000 kr. hvort þessara ára.
 - Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 12.2 Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna a.m.k. 50% (örorkuprósentu). Örorkuna skal meta á 3 ára fresti eða oftar. Heimilt er sjóðnum að leggja örorkumat tryggingayfirlæknis til grundvallar örorkulífeyri.
- 12.3 Örorkumatið skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa. Fyrstu þrjú árin skal þó miða við vanhæfni hans til þess starfs, sem hann gegndi áður og veitti honum aðild að sjóðnum. Hafi sjóðfélagi verið öryrki er hann hóf iðgjaldagreiðslur í sjóðinn fellur niður réttur til örorkulífeyris.
- 12.4 Örorkulífeyrisréttindi skulu vera jöfn þeim ellilífeyrisréttindum sbr. 11. gr., sem sjóðfélaginn hefur öðlast, auk þeirra ellilífeyrisréttinda sem hann hefði áunnið sér til 65 ára aldurs miðað við meðaltal iðgjaldagreiðslna hans næstu þrjú almanaksárin fyrir

- orkutapið, sbr. þó gr. 12.8 og 22.2. Reynist framangreint þriggja ára meðaltal óraunhæft er stjórn lífeyrissjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal réttinda annars tímabils enda þyki það gefa betri vísbendingu um framtíðartekjutap sjóðfélagens.
- 12.5 Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar.
- 12.6 Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 12.7 Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur.
- 12.8 Stafi örorka af sjálfskaparvíti eða stórkostlegri óvarkárni skal réttur til framreiknings skv. gr. 12.4 skerðast eða falla niður.
- 12.9 Heimilt er að fengnu álitni trúnaðarlæknis sjóðsins að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu eða gangist undir þær aðgerðir sem bætt gæti heilsufar hans.
- 12.10 Hafi sjóðfélaginn skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, skal einungis reiknað með áunnum réttindum ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars.
- 12.11 Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap, skv. gr. 12.3 hefur varað skemur en í sex mánuði.

13. gr.

Makalífeyrir.

- 13.1 Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum á meðan skilyrði gr. 13.2 eða 13.3 eru uppfyllt, enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.
- 13.2 Yngsta barn sjóðfélaga er yngra en 18 ára og á framfæri maka.
- 13.3 Maki sjóðfélagens er að minnsta kosti 50% öryrki. Hlýtur hann þá lífeyri úr sjóðnum, sem er sami hundraðshluti af makalífeyri skv. gr. 13.6 og orkutap hans er metið. Örorkuna skal meta á 3 ára fresti eða oftár.
- 13.4 Þegar makalífeyrir er úrskurðaður skal velja það skilyrði gr. 13.2 eða 13.3 sem maka er hagstæðast í hverju tilfalli.
- 13.5 Þrátt fyrir ákvæði gr. 13.2 og 13.3 skal greiða eftirlifandi maka fullan makalífeyri í 24 mánuði, skv. gr. 13.6.
- 13.6 Upphæð makalífeyris er helmingur af örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagens skv. gr. 12.4 miðað við 100% örorku í þeim mánuði er taka lífeyris hefst.
- 13.7 Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris. Sama regla gildir ef hinn eftirlifandi maki býr með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.
- 13.8 Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. gr. 13.1 um lengri eða skemmri tíma til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabíl fyrir andlát hans.

14. gr.

Barnalífeyrir.

- 14.1 Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

- 14.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, skal lífeyrir þess vera eftirfarandi:
Vegna 100% örorku: 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.
Vegna makalífeyris: 7.500 kr. á mánuði með hverju barni.
Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 14.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta lífeyris úr sjóðnum. Sé örorka skv. 12. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.
- 14.4 Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

III. KAFLI

Sameignardeild - stigakerfi.

Iðgjöld og réttindi sjóðfélaga sem hófu störf fyrir 1. júlí 1998.

15. gr.

Iðgjöld.

- 15.1 Iðgjöld skulu vera 11,5% af heildarlaunum sjóðfélaga. Skiptist iðgjaldið þannig, að sjóðfélaginn greiðir 4,5% en aðildarfyrirtæki 7%. Til 70 ára aldurs skal heildariðgjaldið skiptast þannig að 10% af launum rennur til sameignardeildar og 1,5% til séreignardeildar. Launþegum er heimilt að greiða viðbótarframlag að eigin vali til séreignardeildar. Enginn greiðir iðgjöld til sameignardeildar lengur en til 70 ára aldurs eða eftir að taka ellilífeyris úr sameignardeild er hafin.
- 15.2 Iðgjald skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnaði, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, svo sem ökutækjastyrk, dagpeningum og fæðispeningum. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af heildarlaunum hans og standa sjóðnum skil á þeim við hverja útborgun ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldnagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skulu vangoldin iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum sjóðsins. Launagreiðendum ber að tilkynna ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafi hætt starfsemi eða launþegar látið af störfum. Vanskilavextir skulu ákvarðaðir af stjórn sjóðsins.
- 15.3 Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 15.4 Lífeyrissjóðurinn skal tvisvar ár hvert, eigi síðar en 1. apríl og 1. október, senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld, ásamt aðvörun um brottfall greiðsluábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa, verði vanskil ekki sannanlega tilkynnt sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins.

16. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 16.1 Iðgjöld til sameignardeildar hvert almanaksár skulu umreiknast í stig, sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda.

- 16.2 Að baki stigaútreikningi eru grundvallarlaun fyrir hvern mánuð. Þau eru í júní 1998 kr. 75.285 og breytast í hlutfalli við þróun vísitölu neysluverðs. Þó er stjórn sjóðsins heimilt, að höfðu samráði við tryggingastærðfræðing, að breyta þessari viðmiðun að teknu tilliti til fjárhagsstöðu sjóðsins.
- 16.3 Stig ársins eru reiknuð þannig að í árslaun sjóðfélaga sem hann hefur greitt iðgjald af til sameignardeildarinnar er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. gr. 16.2.
- 16.4 Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.
- 16.5 Ef sjóðfélaginn hefur öðlast stig fyrir fleiri en 30 ár skal reikna með unnum stigum þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, að fullu, en stigum þeirra ára sem umfram eru að hálfu.

17. gr.

Ellilífeyrir.

- 17.1 Hver sjóðfélagi sem orðinn er 70 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 17.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins í þeim mánuði er taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.
- 17.3 Sá sem er orðinn 65 ára en ekki 70 ára má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt gr. 17.2 lækkar þá um 0,5% fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar upp á 70 ára aldur.
- 17.4 Hafi sjóðfélagi þegið örorkulífeyri úr sjóðnum skal auk áunninna stiga reikna honum stig vegna þess tíma er hann tók örorkulífeyri. Eru þau jafnhá þeim stigum sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð honum fyrir sama tímabil. Hafi örorka verið minni en 100% reiknast stigin hlutfallslega við örorkumatið. Hafi slíkur örorkulífeyrir verið skertur sbr. gr. 18.6 á einhverju tímabili skerðast stig þessi í sama hlutfalli.

18. gr.

Örorkulífeyrir.

- 18.1 Sjóðfélagi sem ekki er orðinn 65 ára á rétt á örorkulífeyri skv. gr. 18.2 til 18.12 enda hafi hann:
- Öðlast samanlagt a.m.k. 2 stig hjá sjóðnum skv. 16. gr.
 - Greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. tvö af undanfarandi þremur almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,3 stig hvort þessara ára.
 - Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- 18.2 Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna a.m.k. 50% (örorkuprósentu). Örorkuna skal meta á 3 ára fresti eða oftar. Heimilt er sjóðnum að leggja örorkumat tryggingayfirlæknis til grundvallar örorkulífeyri.
- 18.3 Örorkumatið skal miða við vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa. Fyrstu þrjú árin skal þó miða við vanhæfni hans til þess starfs, sem hann gegndi áður og veitti honum aðild að sjóðnum. Hafi sjóðfélagi verið öryrki er hann hóf iðgjaldagreiðslur í sjóðinn fellur niður réttur til örorkulífeyris.
- 18.4 Til grundvallar örorkulífeyri eru lögð þau stig, sbr. 16. gr., sem sjóðfélaginn hefur öðlast, auk þeirra stiga sem hann hefði áunnið sér til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó gr. 16.5, 18.9 og 22.2. Reynist framangreint þriggja ára meðaltal óraunhæft er stjórn lífeyrissjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal réttinda annars tímabils enda þyki það gefa betri vísbendingu um framtíðartekjutap sjóðfélagens.

- 18.5 Örorkulífeyrir er hundraðshluti af grundvallarlaunum í þeim mánuði er taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt gr. 18.4 margfölduðum með örorkuprósentunni skv. gr. 18.2 margfölduðum með 1,5.
- 18.6 Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar.
- 18.7 Skylt er sjóðfélagaga sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 18.8 Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur.
- 18.9 Stafi örorka af sjálfskaparvíti eða stórkostlegri óvarkárni skal réttur til framreiknings skv. gr. 18.4 skerðast eða falla niður.
- 18.10 Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis sjóðsins að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu eða gangist undir þær aðgerðir sem bætt gætu heilsufar hans.
- 18.11 Hafi sjóðfélaginn skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, skal einungis reiknað með áunnum stigum ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars.
- 18.12 Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap, skv. gr. 18.3 hefur varað skemur en í sex mánuði.

19. gr.

Makalífeyrir.

- 19.1 Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum frá því að laun sjóðfélagans féllu niður á meðan eitthvert skilyrði gr. 19.2 og 19.3 eða 19.4 eru uppfyllt, enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.
- 19.2 Maki sjóðfélagaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal fjárhæð makalífeyris lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, um 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, um 2% að auki fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1935 og loks um 2% að auki fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1940.
- 19.3 Yngsta barn sjóðfélagaga er yngra en 18 ára og á framfæri maka.
- 19.4 Maki sjóðfélagans er að minnsta kosti 50% öryrki. Hlýtur hann þá lífeyri úr sjóðnum, sem er sami hundraðshluti af makalífeyri skv. gr. 19.7 og orkutap hans er metið. Örorkuna skal meta á 3 ára fresti eða oftar.
- 19.5 Þegar makalífeyrir er úrskurðaður skal velja það skilyrði gr. 19.2, 19.3 eða 19.4 sem maka er hagstæðast í hverju tilfalli.
- 19.6 Þrátt fyrir ákvæði gr. 19.3 og 19.4 skal greiða eftirlifandi maka fullan makalífeyri í 24 mánuði, skv. gr. 19.7.
- 19.7 Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum í þeim mánuði er taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda skv. gr. 19.4.
- 19.8 Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris. Sama regla gildir ef hinn eftirlifandi maki býr með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.
- 19.9 Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. gr. 19.1 um lengri eða skemmri tíma til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabíl fyrir andlát hans.

20. gr.

Barnalífeyrir.

- 20.1 Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 20.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, skal lífeyrir þess vera eftirfarandi:
 Vegna 100% örorku: 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.
 Vegna makalífeyris: 7.500 kr. á mánuði með hverju barni.
 Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 20.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta lífeyris úr sjóðnum. Sé örorka skv. 18. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.
- 20.4 Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

IV. KAFLI

Séreignardeild.

21. gr.

Séreignardeild.

- 21.1 Til séreignardeildar sjóðsins er heimilt að greiða framlag skv. gr. 10.2 eða 15.1.
- 21.2 Ef sjóðfélagi eða atvinnurekandi óskar að greiða hærra framlag en kjarasamningur kveður á um þarf sjóðurinn að fá skriflegt samþykki viðkomandi þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að atvinnurekandi standi skil á iðgjöldunum. Sjóðfélagi getur óskað eftir því skriflega, að framlag skv. gr. 21.1 renni til annars aðila enda hafi sá aðili undir höndum gilt starfsleyfi skv. V. kafla laga nr. 129/1997.
- 21.3 Iðgjöld sem greidd eru í séreignardeild skulu vera séreign sjóðfélagsins og tilgreind á sérstökum reikningi hans.
- 21.4 Fjárhagur séreignardeildarinnar skal vera algjörlega aðskilinn frá fjárhag sameignardeildanna. Ávöxtun hvers sérreiknings skal vera sú ávöxtun sem næst á eignir séreignardeildarinnar á ári hverju að frádregnum rekstrarkostnaði.
- 21.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsu-tryggingar.
- 21.6 Sjóðfélagi má hefja úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en sjóðfélagi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. neðangreindum málsgreinum.
 Þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem sjóðfélagi vantar upp á 67 ára aldur.
 Verði sjóðfélagi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er

örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Deyi sjóðfélagi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát sjóðfélaga skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát réttihafa. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

- 21.7 Með jöfnum greiðslum skv. gr. 21.6 er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði gr. 21.6 um lágmarkstíma, eða til æviloka sjóðfélaga.

V. KAFLI

Ýmis sameiginleg ákvæði sameignardeildanna.

22. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 22.1 Nú falla launagreiðslur til sjóðfélaga niður vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan þannig stendur á. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma séu uppfyllt.
- 22.2 Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi.

23. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

- 23.1 Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld úr sjóðnum nema til sjóðfélaga sem flutt hefur af landi brott og er ríkisborgari erlends ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.
- 23.2 Endurgreiðslufjárhæðin skal vera innborguð iðgjöld að frádregnum hæfilegum kostnaði vegna umsýslu og trygginga.
- 23.3 Hafi iðgjöld verið endurgreidd fellur niður sá lífeyrisréttur sem grundvallaðist á þeim.

24. gr.

Flutningur réttinda.

Ekki skal flytja iðgjöld og þar með talin bundin réttindi til þessa sjóðs eða frá honum, sbr. þó 25. gr.

25. gr.

Samningur um gagnkvæm réttindi o.fl.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttinda-flutninga o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykka þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindi myndu verða hjá einum og sama sjóði.

26. gr.

Greiðslur lífeyris.

- 26.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.
- 26.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. tveggja stiga réttinda og fyrirsjáanlegt er að ekki verður um að ræða sameiningu við önnur réttindi. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

27. gr.

Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt samþykktum þessum.

28. gr.

Niðurfelling lífeyris.

Hafi lífeyrisþegi vísitandi eða sviksamlega gefið rangar upplýsingar um starfsorku sína, tekjur, eða önnur atriði er skipta máli við ákvörðun bóta er stjórn sjóðsins heimilt að krefja hann um endurgreiðslu á áður ofgreiddum lífeyri, ásamt vanskilavöxtum sjóðsins.

29. gr.

Gerðadómur.

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðadóms innan þriggja mánaða frá því að honum var tilkynnt um úrskurðinn. Gerðadómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af stjórn lífeyrissjóðsins, einum tilnefndum af sjóðfélagi og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðadómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins.

30. gr.

Breytingar á samþykktum.

Breytingar á samþykktum þessum eru því aðeins gildar að þær hafi verið samþykktar af aðalfundi sjóðsins með 2/3 greiddra atkvæða sem mætt er fyrir á fundinum, eða einföldum meirihluta atkvæða á tveimur aðalfundum í röð.

31. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sjóðstjórninni er heimilt að bjóða þeim sjóðfélögum sem eru starfandi hjá aðildar-fyrirtækjum sjóðsins við gildistöku samþykka þessara aðild að sameignardeild skv. II. kafla. Hafi þeir ekki sent sjóðnum skriflega flutningsbeiðni fyrir 31. desember 1998 verða þeir áfram aðilar að sameignardeild - stigakerfi skv. III kafla. Flutningur skv. þessu ákvæði er óafturkallanlegur.

32. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þeim sjóðfélögum sem eiga geymd réttindi og hefja greiðslur í sjóðinn á ný eftir 30. júní 1998 ber að greiða iðgjöld til sameignardeildar skv. II. kafla.

VI. KAFLI

Gildistaka.

33. gr.

Gildistaka.

Samþykktir þessar voru staðfestar á aðalfundi Samvinnulífeyrissjóðsins hinn 22. maí 1998 og taka gildi þann 30. júní 1998. Þær koma í stað eldri samþykktá frá 1. júní 1997.

VII. KAFLI

Töflur.**Tafla I.**

Taflan sýnir árlegan ellilífeyrisrétt við 67 ára aldur fyrir 10.000 kr. ársiðgjald.

Gert er ráð fyrir mánaðarlegum greiðslum iðgjalds. Aldur reiknast sem aldur í lok þess árs sem iðgjald berst sjóðnum.

	Ellilífeyrisréttindi miðað við samfelldar iðgjaldagreiðslur fram til 67 ára aldurs	Ellilífeyris- réttindi fyrir iðgjald hvers árs		Ellilífeyrisréttindi miðað við samfelldar iðgjaldagreiðslur fram til 67 ára aldurs	Ellilífeyris- réttindi fyrir iðgjald hvers árs
16	88.284	3.441	42	26.123	1.504
17	84.843	3.344	43	24.619	1.454
18	81.499	3.246	44	23.165	1.406
19	78.253	3.151	45	21.759	1.359
20	75.102	3.056	46	20.400	1.315
21	72.046	2.963	47	19.085	1.269
22	69.083	2.870	48	17.816	1.228
23	66.213	2.781	49	16.588	1.186
24	63.432	2.691	50	15.402	1.147
25	60.741	2.605	51	14.255	1.108
26	58.136	2.519	52	13.147	1.071
27	55.617	2.438	53	12.076	1.035
28	53.179	2.360	54	11.041	1.002
29	50.819	2.285	55	10.039	969
30	48.534	2.213	56	9.070	939
31	46.321	2.143	57	8.131	910
32	44.178	2.076	58	7.221	883
33	42.102	2.012	59	6.338	858
34	40.090	1.948	60	5.480	834
35	38.142	1.887	61	4.646	814
36	36.255	1.828	62	3.832	795
37	34.427	1.770	63	3.037	779
38	32.657	1.714	64	2.258	764
39	30.943	1.660	65	1.494	752
40	29.283	1.606	66	742	742
41	27.677	1.554			

Tafla II.

65	0,85	68	1,08
66	0,92	69	1,17
67	1,00	70	1,26

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

15. júní 1998

Nr. 390

SAMÞYKKTIR

Lífeyrissjóðsins Lífiðnar.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóðurinn Lífiðn.
Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktta þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og byggja starfskjör sín á kjarasamningum eftirtalinna stéttarféлага sem ákvarða lágmarkskjör í viðkomandi starfsgreinum á því svæði sem samningarnir taka til eða njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum þessara féлага: Aðildarféлага Rafiðnaðarsambands Íslands og Matvís.
- 3.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.
- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12. - 14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni. Sama á við um þá aðila sem ekki eru bundnir kjarasamningum nefndra stéttarféлага né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum, en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.